

„Þetta er merkileg sýning, sem mun vekja mikla og verðskuldaða athygli hér í Frakklandi“, sagði menntamálaráðherra Frakklands, er hann kvaddi Agnar Kl. Jónsson, ambassador Íslands, við opnun sýningarinnar, föstudaginn 7. nóvember.

Í fyrsta sinn tekur Ísland þátt í sameiginlegri listiðnaðarsýningu allra Norðurlanda og er sá rammi, sem sýningunni er búinn, ekki óvirðulegri en hluti af hinu fræga Louvrelistasafni í París. Þótti mér svo mikils um vert að sjá með eigin augum hver yrði hlutur Íslands í þessari sýningu, að ég dvaldist vikutíma í París umfram það, sem erindi mitt krafðist, og ég sé síður en svo eftir því. Um aðdraganda og undirbúning sýningar þessarar hafa aðrir frætt menn, en skjóta vil ég þó því hér inn í, að frú Nína Tryggvadóttir, listmálari mun hafa átt mikinn þátt í að vekja athygli ráðamanna á, að þátttaka Íslands væri æskileg.

Sýningin opnuð

Sýningin var sem fyrr segir, opnuð sl. föstudag, og voru þá við staddir ambassadorar allra Norðurlanda nema Noregs, en svo stóð einmitt á, að nýr norskur ambassador var að afhenda embættisskírki sín þenna morgun, og varð það til þess að hvorki hann né Frakklandsforseti voru viðstaddir opnunina, svo sem þó hafði verið ráðgert, en Frakklandsforseti er verndari sýningarinnar, ásamt öllum þjóðhöfðingjum Norðurlanda.

Mig bar að sýningarstaðnum nokkrum mínútum fyrir tilsettan tíma, hafði hug á að skyggjast ögn um gáttir áður en fjölgaði á staðnum. Lá að mér væri dillað, er ég sá hvíllik hlaup og stökk voru í liðinu á síðustu stundu. Vinnuklæddir menn voru á hlaupum með stiga, söflla og fötur og pappírsbrúgur voru sums staðar á gangvegi. Ekki var ég kominn langt inn á sjálfa sýninguna, er ég gekk fram á Svein Kjarval, þar sem hann var snögglæddur að aðstoða danska stúlku við að hengja upp rindóttan ímvefnað. En hverfum nú að aðalefninu.

Einkenni sýningarinnar

Er ian kemur um hinar háreistu dyr Louvre, er upp breiðar tröppur að ganga að sýningarstaðnum, og blasir þá við einkenni sýningarinnar, hringir úr ljósum viði felldir í ferhyrndan ramma og fánalitir þáttókubjóða hver upp af öðrum innan í hringnum til annarrar hliðar. Fimm ljósir trérammar hanga til hliðar, og eru í hverjum ramma einn og tveir munir frá hverju landi. Baksvið er hvítt tjald, og er allur umbúnaður sýningarinnar

Doktorsritgerð

(Framhald af 6. síðu).

gráan kálf í kúna.“ Hann svaraði samstundis:

Skipa ég fáir fagra frú, fædda á réttum tíma. Auðnu háa, er auðgi bú, alsægráa fjórðungskú.


— Þá varð Brynjólfi að orði: „Skáparinn metur ekki mikils, það sem vel er sagt, ef hann hefur þetta að engu.“

Nokkurs vert fyrir Íslendinga

— Og doktorsritgerðin, hvenær verður hún fullsamin?

— Ég er aðeins byrjaður, en svo býst ég kannske við að verða tilbúinn um áramótin 1959—'60. Þetta er síðasta árið mitt á Íslandi, og ég má til að hafa allt efni tilbúið áður en ég fer. Þess vegna vil ég nú skora á landsmenn að senda mér vísur kraftaskálda, skýringar og upplýsingar um höfundana. Þessi söfnun er líka nokkurs verð fyrir Íslendinga. Allt aðsent efni verður varðveitt dyggilega.

B. Ó.




Sýningarhöllin í París.

Norræn listiðnaðarsýning í París:

„Merkileg sýning sem vekja mun mikla og verðskuldaða athygli í Frakklandi“

Frú Sigríður Thorlacíus skrifar um fyrstu sameiginlegu listiðnaðarsýningu allra Norðurlandanna



Armband eftir Jóhannes Jóhannesson

verður gert svo að öllum líki, og aðalatriðið er, að þeir nýju munir, sem sýndir voru, voru allir með hinu fegursta handbragði og smekk legir.

Að okkar sýning hlýtur samt að verða að mörgu leyti fátækleg, samanborið við aðrar deildir, er fyrst og fremst vegna þess hve hin Norðurlöndin hafa þroskað miklu fleiri greinir listiðnaðar með sér um langan aldur. Þeirra listiðnaður er ekki aðeins tómstundagaman, heldur verulegur liður í útflutningsvarningi þeirra og þeir eiga auðveldari aðgang að ýmsum hráefnum en við. Þarna blasti við hver nytjagripurinn öðrum fegurri: borðbúnaður, bæði silfur og gler, leirmunir, húsgögn, ábreiður og

vefnaðarvara hvers konar. Er naum aðalatriðið er, að þeir nýju munir, sem sýndir voru, voru allir með hinu fegursta handbragði og smekk legir.

Þeir Lúðvíg Guðmundsson, skóla stjóri og Sveinn Kjarval, arkitekt, komu til Parísar til að leggja síðustu hönd á uppsetningu sýningarinnar fyrir hönd félagsins „Íslensk listiðnað“, sem annaðist undirbúninginn hér heima, samkvæmt tilmælum Menntamálaráðs, en frú Nína Tryggvadóttir var af Menntamálaráðuneytinu ráðin til að vera til leiðbeiningar á sýningunni fyrstu sýningar dagana.

Eins og ég gat um í upphafi, var Agnar Kl. Jónsson, ambassador og frú hans viðstödd opnunina, auk nokkurra annarra Íslendinga, en síðar um daginn mun hafa verið boðið þangað flestum þeim Íslendingum, sem til náðist í borginni. Vannst mér ekki tími til að fara aftur þangað, sem ég hefði þó gjarna viljað, til að heyra undirtektir fleiri en þeirra, sem fyrstir komu.

Gefin var út vönduð sýningar-skrá með fjölda mynda og smágreina, m. a. um norrænan listiðnað almennt og greinargerðir fyrir sérsýningum landanna.

Ekki höfðu Parísarblöðin enn birt neinar umsagnir um sýninguna, er ég lagði af stað heimleiðis næsta morgun, en vera má að síðar berist hingað blaðammali og myndir frá opnuninni og fá þá les-

Dýralæknis- umdæmi Austur- lands skipt

Frumvarp Páls Þorsteinssonar, um dýralækna, var til 1. umræðu í neðri deild í fyrradag. Flutningsm. fylgdi því úr hlaði.

Kvaðst hann hafa flutt samhljóða frv. á Alþingi í fyrra og hefði það verið afgreitt frá Neðri deild en vísað frá í Efri deild, með rökstuddri dagskrá. Efni frv. væri að skipta dýralæknisumdæmi Austurlands í tvennt og stofna nýtt, Hornafjarðarumdæmi, er næði yf ír A-Skaftafellssýslu og Búlands- og Geithellnahrepp í Suður-Múla sýslu.

Á undanfórnum árum hefði þrú un þessara mála gengið í þá átt, að fjölga umdæmum. Austurlandsumdæmi væri þeirra víðáttu mest. Þar væri einn dýralæknir og sæti á Egilsstöðum. Reynslan sýndi, að ofvið væri einum manni að gegna svo stóru og erfiðu umdæmi sem þessu, og það því fremur, sem þörf fyrir dýralækna færi æ vaxandi. Frv. væri flutt vegna brýnnar nauðsynjar og hvaðst lík. vona, að deildin greiddi vel för málsins.

Frekari umr. urðu ekki og var málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv. og til landbúnaðar nefndar með 20 samhlj. atkv.

Milt haust

á nyrstu slóðum

Trékyllisvík, 5. nóv. — Haustveðratta hefur verið með afbrigðum milt, en úrkúsum. Hafa til þessa ekki komið nema tvær frostnætur og aðeins tvívegis gránað í byggð en hefir snjóinn tekið upp jafnóðum. Kyr gengu að fullu úti fram að veturnóttum og á stöku stað hafa þær verið látnar út þessa síðustu daga. Eru slík ekki dæmi áður, svo vítað sé.

Tún eru hvanngrenn yfir að líta og hafa kalblettir frá síðasta vori gróid upp. Sóleyjar standa í fullum blóma og skarta sínu fegursta skrauti. — Svo fagnar nátt úran hinum nýbyrjaða vetri, hér á nyrstu slóðum.

GPV

Nýr samningur ASV

Á nýafstöðnu þingi Alþýðusambands Vestfjarða var samþykkt að óska eftir því við Vinnuveitendasamband Vestfjarða, að hliðstæðar breytingar yrðu gerðar á kaup- og kjarasamningi milli þessara aðila og samið var um fyrir skömmu milli Dagsbrúnar í Reykjavík og Vinnuveitendasambands Íslands, án þess að til uppsagnar samnings kæmi. Viðræður hófust milli þessara aðila 21. okt. s. l. Samkomulag náðist um nýjan kaup- og gjarasamning er gekk í gildi 1. nóv. s. l. Nokkrar hleztu breytingar frá fyrri samningi eru þessar: Kaupgjaldsliðir hækkuðu um 9,5%, þó einstaka meira. Nokkrar tilfærslur til hækunar urðu milli kaupgjaldsliða. Kaup barna hækkað um 12 og 14 ára aldur, en áður var sama kaup greitt til 14 ára aldurs. Börn frá kvemmans kaup við löndun úr togara, en óheimilt er, að þau vinni síka vinnu nema brýna nauðsyn hefi til. Þetta er í fyrsta sinn, að samningar hafa verið gerðir á Vestfjörðum milli atvinnurekenda og verkafélagsmanna, án þess að til uppsagnar á fyrri samningi hafi komið.

endur að heyra hverjum augum Frakkar líta á þátt Íslands.

Sigríður Thorlacíus.

Sænsk hnífapör á sýningunni.